

## Gilsárvirkjun - 6,7 MW vatnsaflsvirkjun í Múlaþingi

### Ákvörðun um matsskyldu

#### 1 Inngangur

Þann 22. september 2023 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Orkusölonni ehf. um byggingu nýrrar 6,7 MW vatnsaflsvirkjunar ofarlega í Gilsá í Eiðabíngi í Múlaþingi, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 3.15 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Múlaþings, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands og Vegagerðarinnar.

#### 2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Gilsárvirkjun á Héraði – 6,7 MW vatnsaflsvirkjun. Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu. Orkusalan ehf. og EFLA, september 2023.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Múlaþingi, dags. 8. nóvember 2023
- Hafrannsóknastofnun, dags. 10. október 2023
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands, dags. 16. október 2023
- Minjastofnun Íslands, dags. 7. nóvember 2023
- Náttúrufræðistofnun Íslands, dags. 3. nóvember 2023
- Orkustofnun, dags. 14. nóvember 2023
- Umhverfisstofnun, dags. 3. nóvember 2023
- Veðurstofa Íslands, dags. 7. nóvember 2023
- Vegagerðin, dags. 3. nóvember 2023

Ekki barst umsögn frá Fiskistofu.

Frekari upplýsingar bárust frá Orkusölonni ehf. 4. desember 2023.


#### 3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í byggingu 6,7 MW vatnsaflsvirkjunar ofarlega í Gilsá í Eiðabíngi í Múlaþingi sem virkjar 3,0 m<sup>3</sup>/s rennsli með 277 m fallhæð. Um er að ræða rennslisvirkjun með dægurmiðlunarmöguleika þar sem umframrennsli yrði safnað á nóttunni í dægurmiðlunarlón og nýtt til orkuframleiðslu yfir daginn á álagstíma. Er það einkum á veturna þegar rennsli er lítið. Yfir sumartímann rennur nær alltaf um yfirfall inntaksmannvirkja. Virkjað vatnsvið er um 48 km<sup>2</sup>.

Framkvæmdin felst í byggingu stíflu og stöðvarhúss, 6,5 km slóðagerðar og lagningu 6.100 m langrar aðrennslisþípu og safnlagna. Stífla fyrir inntak verður staðsett í Gilsárdal um 7 km ofan við bæina Gilsárteig 1 og 2. Reiknað er með jarðvegstíflu, með inntaki og botnrás í farvegi Gilsár og yfirfalli við enda stíflunnar. Stíflan verður 12 m há og 160 m löng og inntakslónið um 1,6 ha. Miðlunargeta þess er 48.000 m<sup>3</sup>. Botnrás verður notuð til að skola framburði úr lóninu í árlegum vorflóðum. Vatni



verður veitt 6 km leið um niðurgrafna aðrennslispípu sem er 1,2-1,3 m í þvermál og að stöðvarhúsi sem verður staðsett rétt ofan við Nykurfossa í Gilsá, eða um 1 km ofan við Gilsárteig 1 og 2. Gert er ráð fyrir tveimur hliðarinntökum. Í Innri-Lambadalsá verður hliðarinntak með um 280 m langri safnlögn og í Ytri-Lambadalsá verður hliðarinntak með um 580 m langri safnlögn. Stöðvarhúsið verður um 150 m<sup>2</sup> og allt að 10 m hátt. Vegurinn fylgir að mestu núverandi slóða sem verður styrktur en slóðinn er slæmur innan við Innri-Lambadalsá og því þarf nánast að gera nýjan veg síðasta kílómetrann að stíflu. Einnig þarf að gera nýja slóða að hliðarinntökum við Lambadalsár.



Mynd 1 Gilsárvirkjun. Á myndinni má sjá áformaða staðsetningu slóða (hvít brotalína), aðrennslispípu (blá brotalína), efnistökusvæða (gul E01- E08), stíflu (við innsta efnistökusvæðið) og stöðvarhúss (rauður punktur) (mynd úr greinargerð).

Gert er ráð fyrir að heildarefnisþörf við virkjunarframkvæmdirnar, umfram það efni sem fæst úr skurðum og skeringum, verði um 60.000 m<sup>3</sup> og er það fyrst og fremst efni í jarðvegsstíflu, umhverfis pípu, í grunn stöðvarhúss og í vegagerð. Efnistakan er fyrirhuguð úr 8 nýjum námum á framkvæmdasvæðinu (Mynd 1). Að efnistöku lokinni verða námusvæðin mótuð að aðliggjandi landi. Reiknað er með færanlegum vinnuskúr með kaffistofu og snyrtingu á framkvæmdatíma en ekki er gert ráð fyrir vinnubúðum á verkstað.

Gilsárvirkjun verður tengd við dreifikerfi Raríks með plægðum jarðstreng á 33 kV spennu. Annað hvort verður lagður 12-14 km strengur með Borgarfjarðarvegi að tengivirki í landi Miðhúsa við Eyvindará eða 18-20 km strengur að tengivirki við Lagarfoss.

Við framkvæmdirnar skerðist rennsli Gilsár á um 6 km kafla. Samkvæmt rennslismælingum mun virkjunin taka mestallt rennsli árinna á þessum kafla frá október og fram í apríl en frá maí og fram í september rennur venjulega vatn um yfirfall virkjunarinnar í hefðbundinn farveg Gilsár.

Hér að ofan hefur verið gerð grein fyrir framkvæmdinni eins og hún er kynnt í greinargerð Orkusöðunnar. Í greinargerðinni kemur einnig fram að fyrirtækið skoðaði nokkra valkosti á frumstigum hönnunar, þ.e. þrjár staðsetningar á stíflu í Gilsárdal með uppsett afl frá 5,6 til 6,8 MW og tvær staðsetningar á stöðvarhúsi, þ.e. fyrir ofan og neðan Nykurfossa.

Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti í greinargerð Orkusöðunnar.



## 4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Orkusölunnar og umsögnum umsagnaraðila.

### Vatnafar

Í greinargerð Orkusölunnar kemur fram að á árkaflanum milli stíflu og stöðvarhúss verði alltaf skert rennsli á meðan virkjunin sé í rekstri. Vor og sumar þegar snjóbráðar gæti og fram eftir hausti, þegar úrkoma sé almennt hvað mest, muni vatn renna um yfirfall stíflunnar og niður farveginn. Yfir veturinn megi búast við því að ekki renni um yfirfall og því verði rennsli mjög skert. Næst stíflu verði farvegurinn alveg þurr en smám saman seytli í hann vatn úr lækjum. Frá vori fram á haust verði stöðugt rennsli um virkjunina og þá sé vatnsmagn á fiskgenga svæðinu fyrir neðan Nykurfossa óbreytt og áhrif hverfandi ef nokkur. Yfir vetrartímamann verði rennsli í Gilsá þó það lítið að notast verði við dægurmiðlun. Vatni verði þá safnað í lónið yfir nóttina þegar raforkunotkun er í lágmarki en svo hleypt í gegn yfir daginn. Þannig sé hægt að framleiða meiri raforku yfir daginn þegar eftirspurn er meiri. Við þessar aðstæður renni ekkert vatn í gegnum virkjunina hluta sólarhringsins og við það skerðist rennsli alls staðar neðar í farvegnum.

Í umsögn Orkustofnunar er bent á að í lélegum vatnsárum, eins og árið 2019, megi gera ráð fyrir því að svo að segja allt vatn sem renni um inntaksmannvirki fari um lagnir til stöðvarhúss en mikið skert rennsli um farveg frá stíflu að stöðvarhúsi. Bent er á að ekki liggi fyrir upplýsingar um mismun á rennsli við stíflu og stöðvarhús, sem gæfi upplýsingar um magn vatns sem rennur í farveginn neðan stíflu. Rennsli í farvegi, jafnvel þótt ófiskgengur sé, geti staðið undir lífríki árinna sem aftur geti stýrt lífvænleika árinna á fiskgengum hluta hennar. Orkustofnun hafi í umsóknarferli fyrir virkjunarleyfi kallað eftir mati á innrennsli í farveg neðan stíflu í því skyni að upplýst verði um lífvænleika vatnalífríkis, einkum á þurrum sumrum. Hafrannsóknastofnun telur einnig að gera þurfi betur grein fyrir rennslisháttum í farvegum, bæði neðan inntakslóns og á fiskgengum svæðum.

Í svörum Orkusölunnar kemur fram að við stöðvarhús sé óskert vatnasvið um 20 km<sup>2</sup>. Vatnasvið stíflu sé um 48 km<sup>2</sup>. Það megi því gróflega reikna með að rennsli við stöðvarhús sé um 1/3 af því sem það væri ef engin væri virkjun.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að vatnshlotin sem eru innan framkvæmdasvæðisins eru Gilsá 1 og 2. Framkvæma þurfi mat á því hvort framkvæmdin sé líkleg til þess að valda því að vatnshlotin nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir þau. Verði niðurstaða slíks mats sú að umhverfismarkmið náist ekki getur framkvæmdaraðili sótt um heimild til Umhverfisstofnunar skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála um breytingu á umhverfismarkmiðum fyrir vatnshlotin.

### Vatnalíf og veiði

Samkvæmt greinargerð Orkusölunnar er Gilsá fiskgeng upp að Nykurfossinum, skammt ofan við Gilsárteig. Á fiskgenga hlutanum finnst urriði, bleikja og lax. Veiðifélag er um Gilsá og var skráð veiði á vatnasviði Gilsár og Selfljóts 15 laxar, 86 urriðar og 94 bleikjur árið 2022. Orkusalan metur áhrif framkvæmdarinnar á göngur laxfiska í Gilsá og stangveiði í ánni hverfandi ef nokkur. Sá kafli árinna sem verði fyrir skertu rennsli sé ófiskgengur, grýttur og með litla frjósemi. Neikvæð áhrif Gilsárvirkjunar á fiskistofna, vatnalíf og veiði séu því talin óveruleg.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að engar rannsóknir hafi farið fram á botndýralífi árinna og engar fiskrannsóknir á ófiskgengum svæðum. Ekkert er fjallað um hvaða áhrif dægursveiflur í rennsli kunni að hafa á vatnalíf, þ.m.t. seiðabúskap á fiskgengum svæðum. Ljóst sé að neðan virkjunar verði rennsli óstöðugra og áhrifin geti náð langt niður eftir ánni. Hafrannsóknastofnun telur að gera þurfi mun betur grein fyrir þessum þáttum ásamt mótvægisáðgerðum.



Í svörum Orkusölnunnar kemur fram að óhjákvæmilega verði rennslissveiflur en eftir því sem neðar dregur verði þær minna hlutfall af heildarrennslis. Við Nykurfossa, enda fiskgenga svæðisins, sé óskert rennslis af um 20 km<sup>2</sup> vatnasviði, er það tæplega þriðjungur af 68 km<sup>2</sup> vatnasviði ofan fossanna og farvegurinn því fjarri því að vera þurr. Það hlutfall stækkar hratt eftir því sem neðar dregur á fiskgenga hluta árinna og eftir að Unulækur og Núpsá sameinast Gilsá megi reikna með að áhrifin séu hverfandi.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunnar er bent á að áhrif virkjunarinnar á botndýralíf í Gilsá geti haft áhrif á straumendur. Ekki liggi fyrir athuganir á samsetningu og þéttleika botndýra í Gilsá og því lítið vitað um áhrif rennslisbreytinga á það lífríki. Æskilegt væri að vakta þau áhrif. Það skipti einnig máli fyrir afkomu laxfiska neðar í farvegi árinna.

Í umsögn Orkustofnunnar kemur fram að ef botnrás verði nýtt til að losa aurburð í vorflóðum sé hugsanlegt að álar myndist í botnset lóns en efni muni hlaðast upp þar utan við. Telur stofnunin að lýsa þurfi betur áætlaðri framkvæmd, þ.m.t. áætluðu umfangi sets, hvort áætlað sé að losa um set utan ála ef þeir myndast og um flutningsgetu árinna á setinu.

Í svörum Orkusölnunnar kemur fram að áætlað umfangi sets sé mjög lítið. Lónið sé langt og mjótt og fylgi svo til farvegi árinna nema allra næst stíflu. Uppsöfnun sets gerist einkum í breiðum lónum þar sem jaðrar þess eru fjarri straumi vatns í gegnum lónið. Það verða engin svæði í lóninu þar sem straumhraði er nógu lítill til að mikið magn sets geti safnast upp yfir langt tímabil. Ef skolað sé úr lóninu árlega muni auk þess ekki gefast tími til að safna upp nógu miklu seti til að það fari að valda vandræðum.

### **Fuglalíf**

Í greinargerð kemur fram að fuglalíf hafi verið kannað 29. júní 2022 og fannst m.a. eitt straumandapar ofan stíflustæðis. Fram kemur að stíflumannvirki og stöðvarhús raski búsvæðum að litlu leyti og pípan verði niðurgráfin og muni það svæði gróa upp og nýtast áfram sem búsvæði í framtíðinni. Neikvæð áhrif mannvirkja og lóns á fugla og búsvæði verði óveruleg. Þó verði óhjákvæmilega truflun á framkvæmdatíma. Áhrif breytts vatnafars einskorðist við straumönd sem sækir fæðu í ána, en hætt sé við að skert rennslis hafi áhrif á botndýralíf yfir vetrartímum. Mjög fáir einstaklingar virðist vera á þeim kafla þar sem rennslis skerðist en hann muni áfram nýtast straumöndum. Stór búsvæði séu bæði ofan og neðan við hann. Áhrif á fuglalíf svæðisins séu því talin óveruleg.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunnar Íslands kemur fram að stofnunin telji að meta þurfi betur fuglalíf svæðisins. Straumönd sé sú fuglategund sem mest myndi finna fyrir áhrifum breytts rennslis, en um stórt svæði sé að ræða þar sem rennslisbreytingar og annað rask á árfarvegi verða. Straumönd sé ábyrgðartegund Íslands og ekki fyrir hendi heildstæðar upplýsingar um útbreiðslu hennar á varptíma hér á landi. Þá sé ljóst að smávirkanir í fallvötnum geti verið töluverð ógn fyrir búsvæði hennar. Mjög mikilvægt sé því að kanna betur hver raunverulegur þéttleiki straumanda við Gilsá sé.

### **Gróður**

Í greinargerð Orkusölnunnar kemur fram að framkvæmdasvæðið sé í mishæðóttu landi sem einkennist af fremur grónu mólendi, melum og á neðri hluta þess megi finna votlendi yfir 2 ha, einkum starungsmýravist. Farvegur árinna sé mikið til í djúpu gljúfri þar sem lítið sé um gróður. Framkvæmdum fylgi óhjákvæmilega rask á gróðri. Það rask sé þó 80% á vistgerðum með lágt og miðlungs verndargildi og mikið til afturkræft þegar gróður vex aftur á pípunni sem verður neðanjarðar og í fyllingu við stífluna. Eftir standi vegslóði, sem sé að hluta nú þegar til staðar, og stífla sem raski varanlega gróðri. Pípan fari um jaðar votlendissvæðis yfir 2 ha en hafi engin áhrif á aðrennslis til votlendissvæðisins né skerði það svo nokkru nemi. Ekki sé talið að skert vatnsrennslis í ánni hafi teljandi áhrif á bakkagróður þar sem bakkarnir séu að mestu klappir og stórgrýti.



Framkvæmdin sé ekki talin hafa áhrif á heildarútbreiðslu vistgerða á svæðinu. Áhrif af virkjuninni á gróðurfar eru staðbundin og talin óveruleg.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er bent á að skekkja geti verið í vistgerðakorti stofnunarinnar og þegar það er notað á svo nákvæmum skala sé líklegt að mat á hlutfalli vistgerða af mismunandi verndargildi sem raskast við framkvæmdina sé ekki alveg nákvæmt. Þó bendi allt til þess að það sé rétt metið að rask á vistgerðum með hátt verndargildi verði takmarkað, þ.m.t. skerðing á votlendi við lagningu niðurgrafinnar aðrennslispípu. Bent er á að ekki hafi verið kannað hvort sjaldgæfar plöntutegundir finnist á framkvæmdasvæðinu. Mikilvægt sé að lágmarka allt rask utan skilgreinds framkvæmdasvæðis og vakta mögulegt gróður- og jarðvegsrof við inntakslónið. Umhverfisstofnun telur óljóst hvort votlendi verði raskað. Leggur stofnunin áherslu á að fjallað sé um hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask á votlendi sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga. Ef tillagan geri ráð fyrir raski á votlendi þurfi að rökstyðja hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskun á því.

Í svörum Orkusölnunar kemur fram rask á votlendi sé í lágmarki og kappkostað verði að lágmarka allt rask. Horft hafi verið til votlendis við val á pípuleið og staðsetningu stíflustæðis. Pípan fari um jaðar votlendisins þar sem renni úr því og því sé ekki verið að skerða rennsli til votlendisins eða um það. Ekki sé reiknað með veituskurðum vegna framkvæmdanna. Einu ræsin undir veginn verði þar sem nú þegar eru ræsi undir núverandi slóða eða þar sem lækir renna yfir slóðann og niður í gilið.

### **Landslag og ásýnd**

Í greinargerð Orkusölnunar kemur fram að helstu breytingar á ásýnd og landslagi verði við stíflu og lón, en sjónræn áhrif séu afar lítil sökum þess hve afskekkt svæðið er og hve fáir verði fyrir áhrifum. Stöðvarhúsið sé lítt sýnilegt á svæði þar sem nú þegar eru mannvirki sem eru sambærileg að stærð og útliti. Metur Orkusalan áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd á svæðinu óveruleg.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að fossar njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Leggur stofnunin áherslu á að fjallað sé um hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask á fossum og hvaða valkostir séu skoðaðir. Þar sem framkvæmdin geri ráð fyrir röskun á fossum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Ef endanleg framkvæmd geri ráð fyrir raski á fossum þurfi að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskun á þeim.

Í svörum Orkusölnunar kemur fram að vatnsaflsvirkjanir byggja á því að virkja fall vatns í landslaginu, þar með talið fossa. Ein af ástæðum þess að Gilsá hafi verið valin sem virkjunarkostur sé sú að þeir fossar sem eru í ánni eru lítt sýnilegir og afar fáir sem sjá þá. Stærstan hluta sumars þegar fólk er helst á ferli verði rennsli um fossana. Einnig hafi stöðvarhús virkjunar verið fært upp fyrir Nykurfossa m.a. til að hlífa fossunum, en rennsli um þá verði óskert stóran hluta ársins þegar ekki er dægurmiðlun.

### **Jarðmyndanir**

Í greinargerð kemur fram að rask á jarðmyndunum sé minniháttar og verði raskið lítt sýnilegt undir fyllingum mannvirkja. Námur verði í lausum jarðefnum ofan á berggrunninum, en verndargildi þeirra sé lítið. Skert rennsli verði í fossum en þau áhrif séu einkum á veturna og á nóttunni þegar fáir ef nokkrir séu á ferli til að verða fyrir þeim áhrifum. Þau áhrif séu auk þess algjörlega afturkræf. Áhrif á jarðminjar séu því talin óveruleg.

### **Fornminjar**

Í greinargerð kemur fram að fornleifafræðingur hafi skráð 10 minjar á framkvæmdasvæðinu. Þar af hafi tvennar minjar, sem séu hluti af gamalli leið yfir í Seyðisfjörð, verið metnar í hættu við framkvæmdir. Hægt verði að haga framkvæmdum þannig að þær raski ekki minjum. Finnist áður





Óþekktar minjar við framkvæmdir verði þær stöðvaðar og Minjastofnun gert viðvart. Áhrif á fornminjar verði óveruleg.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands er bent á að fornleifakönnunin náði ekki til alls framkvæmdasvæðisins, m.a. lónstæðis, stöðvarhúss og efnistökusvæða. Bendir stofnunin á að gamli slóðinn um dalinn sem fyrirhugað er að byggja upp telst til fornleifa (forn leið 2788-10) og því þurfi leyfi Minjastofnunar Íslands til að raska honum. Áhrif framkvæmdanna á skráðar minjar séu neikvæð en einnig séu áhrifin óviss þar sem skráning fornleifa liggja ekki fyrir á öllu svæðinu. Mikilvægt sé að taka fullt tillit til fornleifa og merkja þær á vettvangi með greinilegum hætti sem og að afstaða og staðsetning þeirra komi fram með skýrum hætti á uppdráttum. Telur stofnunin að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum Orkusöfnunar kemur fram að breytingar hafi verið gerðar á framkvæmdinni eftir að fornleifakönnun fór fram. Fornleifafræðingur verði fenginn til að fara yfir ókönnuð svæði áður en framkvæmdir hefjist og sótt verði um öll nauðsynleg leyfi.

### **Vegakerfið**

Í umsögn Vegagerðarinnar er bent á reglugerð um stærð og þyngd ökutækja. Flutningar á þungum aðföngum geti þurft sérstakt eftirlit og undanþágu. Eigi það við um Gilsárteigsveg, brúna yfir Gilsá og aðra vegi sem aðföng kunna að vera flutt um. Áður en Vegagerðin geti tekið afstöðu til framkvæmdarinnar þurfi að liggja fyrir frekari upplýsingar um tegund umferðar um vegakerfið sem og heildarþyngd ökutækja. Jafnframt er bent á að reikna þurfi sérstaklega burðarþol brúar yfir Gilsá.

Í svörum Orkusöfnunar kemur fram að útfærsla á flutningi vinnuvéla, tækja og búnaðar verði unnin í samráði við Vegagerðina. Öllum nauðsynlegum upplýsingum verði komið til Vegagerðarinnar þegar hönnun og undirbúningur framkvæmdar eru lengra á veg kominn.

### **Flóðahætta**

Í umsögn Veðurstofu Íslands er bent á mikilvægi þess að hugað sé að áhættu vegna mannvirkjaflóða í skipulagsferlinu. Bæirnir Ormstaðir og Gilsárteigur standi báðir nærri farvegi árinna skammt framan megingils hennar. Þeir gætu því báðir verið í hættu, verði flóð af völdum rofs á áætlaðri stíflu. Nauðsynlegt er að gengið sé úr skugga um að hönnun stíflumannvirkja dugi með tilliti til ásættanlegra öryggismarka hvað varðar flóðaáhættu á svæðinu neðan framkvæmdanna. Í umsögn Orkustofnunar er einnig bent á að ekki komi fram hvort metin hafi verið áhætta fyrir stöðvarhús af aftakflóði niður Gilsá, t.d. við asahláku.

Í svörum Orkusöfnunar kemur fram að eitt af skilyrðum þess að fá virkjanaleyfi Orkustofnunar sé að skila inn rökstuddu flóðamati sem reiknast úr frá samþykktum viðmiðum Orkustofnunar. Við endanlega hönnun verði gert flóðamat og virkjunin útfærð á þann hátt að flóðahætta sé í lágmarki.

### **Áhrif á aðra umhverfisþætti**

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við umfjöllun Orkusöfnunar um áhrif á aðra umhverfisþætti, þ.e. hreindýr, landnotkun og samfélag.



## 5 Skipulag og leyfi

Í Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 er landnotkun á fyrirhuguðu virkjunarsvæði skilgreind sem landbúnaðarsvæði og óbyggð svæði. Áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 og deiliskipulag af virkjunarsvæðinu. Múlaþing auglýsti í nóvember sl. skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 vegna virkjunarinnar og nýtt deiliskipulag fyrir virkjunina.

Varðandi skipulagsmeðferð jarðstrengs frá virkjuninni að dreifikerfi Raríks, þá liggja ekki fyrir upplýsingar um endanlega legu hans, en hún þarf að samræmast Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi Múlaþings skv. 13. gr. skipulagslaga og 9. gr. laga um mannvirki. Framkvæmdin er jafnframt háð virkjunarleyfi Orkustofnunar skv. 4. gr. raforkulaga og leyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands skv. 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. gr. reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Leyfi Minjastofnunar Íslands samkvæmt 21. gr. laga um menningarminjar þarf ef raska þarf minjum. Fiskistofa veitir leyfi til framkvæmda sem geta haft áhrif á fiskgengd samkvæmt 33. gr. laga um lax- og silungsvæði. Umhverfisstofnun getur heimilað breytingu á vatnshloti sem hefur í för með sér að ekki er hægt að ná fram umhverfismarkmiðum samkvæmt 18. gr. laga um stjórn vatnamála.

## 6 Niðurstaða

Um er að ræða 6,7 MW vatnsaflsvirkjun ofarlega í Gilsá í Eiðabínghá í Múlaþingi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 3.15 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

### Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, nýtingar náttúruauðlinda, úrgangsmýndunar, mengun, ónæði, hættu á stórslysum og/eða náttúruhamförum sem varða framkvæmdina og hættu fyrir heilbrigði manna sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér byggingu stöðvarhúss og stíflu fyrir 1,6 ha miðlunarlon, lagningu 6,1 km langrar aðrennslispípu frá inntaki í stöðvarhús og lagningu hliðarinntaka og safnlagna í tveimur hliðarám. Leggja þarf 6,5 km veg um Gilsárdal og plægja jarðstreng að tengivirki við Eyvindará (12-14 km) eða Lagarfoss (18-20 km). Gert er ráð fyrir að heildarefnisþörf til framkvæmdanna, umfram það efni sem fæst úr skurðum og skeringum, sé um 60.000 m<sup>3</sup> og verður efnið sótt í átta nýjar námur á framkvæmdasvæðinu. Um er að ræða mörg og nokkuð umfangsmikil mannvirki. Neðan stíflu mun rennsli í Gilsá skerðast á um 6 km kafla. Einnig mun rennsli í Innri- og Ytri-Lambadalsá skerðast neðan inntaka. Samkvæmt áformum Orkusölnunar verður engu vatni hleypt í gegnum virkjunina yfir nóttina á veturna þegar vatni verður safnað í miðlunarlonið sem þýðir að rennsli mun skerðast niður allan farveg Gilsár/Selfljóts. Framkvæmdin mun því hafa áhrif á vatnafar á stórum hluta árinna.

### Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða á grundvelli alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af. Einnig ber að líta til álagsþols



náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Samkvæmt vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands flokkast Gilsá sem á á eldri berggrunni án votlendisáhrifa með lágt verndargildi. Neðan ármóta Gilsár og Núpsár heitir áin Selfljót og flokkast sem á á eldri berggrunni með votlendisáhrifum. Vistgerðin telst hafa miðlungs verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Framkvæmdin kemur til með að hafa áhrif á vatnafar og vatnalíf. Rennsli Gilsár skerðist verulega á um 6 km kafla auk þess sem rennsli á neðsta hluta Ytri- og Innri-Lambadalsár mun einnig skerðast verulega. Rennsliskerðingin verður mest að vetrarlagi. Framkvæmdin mun skerða búsvæði vatnalífvera á þessum köflum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvaða smádýr er að finna á áhrifasvæðinu og því er óvissa um áhrif á þau. Telur Skipulagsstofnun að gera þurfi betur grein fyrir áhrifum á smádýralíf, m.a. í lélegum vatnsárum, og þýðingu þess að skerða búsvæði smádýra fyrir laxfiska og straumendur sem lifa á smádýrum.

Neðan Nykurfossa er fiskgengi hluti árinna. Samkvæmt skráningum er meðalveiði í Gilsá/Selfljóti 42 laxar, 273 bleikjur og 102 urriðar.<sup>1</sup> Allmiklir veiðihagsmunir eru því í húfi. Þegar dægurmiðlun fer fram á veturna verður engu vatni hleypt í gegnum virkjunina yfir nóttina. Ekki liggur fyrir hversu mikið rennsli verður í farvegi neðan stöðvarhúss en samkvæmt Orkusölnunni má gróflega reikna með að rennslið verði um þriðjungur af óvirkjuðu rennsli. Skipulagsstofnun telur að svo mikil skerðing á rennsli árinna þegar hún er í lágrennsli og tilheyrandi dægursveiflur í rennsli geti haft umtalsverð áhrif á vatnafar og lífríki árinna. Áhrifin verða mest næst stöðvarhúsi en minnka niður farveginn. Óljóst er hvar þessara áhrifa hættir að gæta en Orkusalan reiknar með að áhrifin verði hverfandi eftir að Unulækur og Núpsá sameinast Gilsá. Bendir Skipulagsstofnun á að Unulækur rennur í Gilsá tæpum 6 km neðan við stöðvarhús og Núpsá tæpum 10 km neðan við stöðvarhúsið. Áhrifanna kann því að gæta á löngum kafla sem nær m.a. til aðal uppeldissvæðis laxaseiða, en samkvæmt mati fiskifræðinga er það staðsett á milli Ormsstaða og Núpsár.<sup>2</sup> Skipulagsstofnun telur að í ljósi mögulegra áhrifa á vatnalíf og þeirra veiðihagsmuna sem í húfi eru þurfi að fara fram nánari greining og mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á vatnafar, vatnalíf og veiði. Telur stofnunin m.a. ástæðu til að lýsa nánar áhrifum dægursveiflna á rennsli, vatnalíf og seiðabúskap og hversu langt niður farveginn þessara áhrifa kemur til með að gæta. Jafnframt telur stofnunin að gera þurfi betur grein fyrir uppsöfnun á botnseti í miðlunarlóni, hvernig staðið verði að losun þess og mögulegum áhrifum á lífríki árinna.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er hluti af að mestu óraskaðri landslagsheild sem tengist Austfjarðafjallgarðinum sem teygir sig allt frá Hornafirði norður að Héraðsflóða. Svæðið er ekki verndað en hluti framkvæmdasvæðisins, þ.e. Gilsárgil upp að Ytri-Lambadalsá, hefur verið afmarkaður á korti í Náttúrumæaskrá Helga Hallgrímssonar undir náttúrumærinu Gilsá og telst náttúrumærið hafa miðlungs verndargildi. Um Gilsárdal liggur einnig gönguleið að Vestdalsvatni, sem er ein af 30 gönguleiðum á Fljótsdalshéraði sem kynntar hafa verið undir yfirskriftinni Perlur Fljótsdalshéraðs.<sup>3</sup> Ljóst er að mannvirki virkjunar, s.s. stöðvarhús, vegur, aðrennslispípur, stífla og miðlunarlón munu breyta ásýnd þessa lítt raskaða svæðis. Á áhrifasvæði virkjunarinnar eru fossar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Stöðvarhúsið mun breyta ásýnd að Nykurfossum. Rennsliskerðingar í farvegi Gilsár og Ytri- og Innri-Lambadalsá munu einnig breyta ásýnd að fossum. Takmakaðar upplýsingar liggja fyrir um fjölda og hæð þeirra fossa sem verða fyrir áhrifum skerts rennslis og er engin tilraun gerð til að sýna hvernig rennsli þeirra mun breytast í

<sup>1</sup> Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson (2023). Lax- og silungsveiðin 2022. Hafrannsóknastofnun.

<sup>2</sup> Sigurður Guðjónsson og Ingi Rúnar Jónsson (1997). Uppeldisskilyrði fyrir laxfiska í vatnakerfi Selfljóts - Greinargerð. Veiðimálastofnun.

<sup>3</sup> Múlaping og Þjónustusamfélagið á Héraði (2021). Perlur Fljótsdalshéraðs – 30 spennandi gönguleiðir í nágrenni Egilsstaða. Skoðað 4. janúar 2024 á: [https://issuu.com/hshelgason/docs/perlur\\_2021\\_islenska](https://issuu.com/hshelgason/docs/perlur_2021_islenska)





greinargerð Orkusölunnar. Ekkert er heldur fjallað um möguleg áhrif á fossa í Ytri- og Innri-Lambadalsá. Skipulagsstofnun telur umfang framkvæmdarinnar og viðkvæma staðsetningu kalla á nánari greiningu og mat með tilliti til breytinga á ásýnd og landslagi. Vísar stofnunin í þeim efnum einnig til verndarmarkmiða 3. gr. náttúruverndarlaga, en þar kemur fram að stefnt skuli að því að vernda m.a. vatnsfarvegi og fossa og varðveita sérstætt landslag til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags.

Samkvæmt greinargerð Orkusölunnar mun vegur og aðrennslispípa liggja á jaðri votlendis sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Það má því gera ráð fyrir einhverju raski á votlendinu en ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um umfang þess eða heildarrask á landi. Telur Skipulagsstofnun að gera mætti betur grein fyrir þessum þáttum. Af myndum að dæma virðist vera lítið sem ekkert efni í núverandi slóða. Í ljósi þess telur stofnunin ástæðu til að fjalla nánar um áhrif vegagerðar á votlendi og gróðurfar almennt. Samkvæmt náttúruverndarlögum ber að forðast að raska votlendi og fossum sem njóta sérstakrar verndar. Í athugasemdum með frumvarpi fyrir náttúruverndarlög kemur fram að með orðalaginu „brýn nauðsyn“ sé lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Við könnun á fuglalífi fannst eitt straumandapar ofan stíflustæðis. Á áhrifsvæði fyrirhugaðrar framkvæmdar er því búsvæði straumanda. Ísland er eina landið í Evrópu þar sem straumönd verpir. Hún er ábyrgðartegund og er auk þess á valista. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á að smávirgjanir í fallvötnum geti verið töluverð ógn við búsvæði straumanda. Stofnunin hefur jafnframt bent á að samkvæmt Bernarsamningnum, sem Ísland er aðili að, beri að friða straumendur og vernda búsvæði þeirra sérstaklega.<sup>4</sup> Fyrir liggur að virkjunin kemur til með að hafa mikil áhrif á rennsli Gilsár á löngum kafla neðan miðlunarlóns og neðan hliðarinntaka í Ytri- og Innri-Lambadalsá. Framkvæmdin getur einnig haft neikvæð áhrif á framboð fæðu fyrir straumönd. Í ljósi þess, og með vísan í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, telur Skipulagsstofnun að varpa þurfi skýrara ljósi á mikilvægi svæðisins fyrir straumendur og áhrif virkjunarinnar á þær.

Framkvæmdin kemur til með að raska fornri leið um Gilsárdal sem nýtur verndar skv. lögum um menningarminjar. Þá á enn eftir að framkvæma fornleifakönnun á hluta áhrifsvæðisins og áhrif á þeim hluta því óviss.

### **Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, væntanlegs upphafs, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Að mati Skipulagsstofnunar felast helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðrar Gilsárvirkjunar í áhrifum á vatnafar vegna varanlegra rennslisbreytinga í farvegum milli inntaka og stöðvarhúss og rennslisbreytinga neðan stöðvarhúss vegna dægurmiðlunar að veturlagi. Þessar rennslisbreytingar geta haft umtalsverð neikvæð áhrif á smádyralíf og seiðabúskap á áhrifsvæði virkjunarinnar, sem síðan geta haft neikvæð áhrif á veiði í Gilsá/Selfljóti. Mannvirki koma til með að breyta ásýnd lands á lítt röskuðu svæði auk þess sem vatnaflutningarnir og mannvirki munu breyta ásýnd að fossum sem njóta sérstakrar verndar. Áhrif á gróður vegna vegagerðar, stíflugerðar, lónstæðis og stöðvarhúss verða varanleg, en framkvæmdin raskar m.a. votlendi sem nýtur sérstakrar verndar. Framkvæmdin mun einnig raska fornri leið um Gilsárdal sem nýtur verndar skv. lögum um menningarminjar. Þá ríkir ákveðin óvissa um áhrif á straumendur.

---

<sup>4</sup> Gróður og fuglar á fyrirhuguðu virkjunarsvæði við ármót Brúarár og Hrútár í Biskupstungum. Náttúrufræðistofnun Íslands, 2006.



### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd kann að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 23. febrúar 2024.

Reykjavík, 18. janúar 2024

Egill Þórarinnsson

Jón Ágúst Jónsson

